

Nestisbox Karólínu

„Íðhönnuður leitast við að finna lausnir (stórar og smáar) eða spyrja spurninga sem mega verða til þess að gera hið efnislega í umhverfi okkar síður framandlegt eða fjandsamlegt mannlegu eðli. Útkoman eða lausnin verður svo vonandi að nýjum eða endurbættum hlut eða vöru. Það er stórkostlegt að geta þannig tekið þátt í að skapa framtíðina og hafa tækifæri til að gera hana vænni fyrir sálir og umhverfi. Í dag er tenging vísinda og menningar eitt mikilvægasta starf hönnuða.“

Karólína Einarsdóttir – drög að texta fyrir sýningarark



Karólína Einarsdóttir iðhönnuður

DV-MYND TEITUR

„Þó að ég sé iðhönnuður fæst ég við fleiri tegundir hönnunar. Ég þarf ekki að verða ellidauf í iðhönnunargeiranum. Allir hafa gott af því að breyta til.“

Ein þeirra hönnuða sem eiga verk á sýningunni Mót á Kjarvalsstöðum er Karólína Einarsdóttir iðhönnuður. Hún er nýlega komin frá Helsinki, þar sem hún lauk MA-námi í iðhönnun og vakti athygli aðstandenda sýningarinnar fyrir loka-ferkefnið sitt, Urban Picnic, sem er nestisbox fyrir nútímamanninn. Karólína segist mjög spennt að sjá verk hinna hönnuðanna því hún hefur lengi verið á þeirri skoðun að ekki sé nauðsynlegt að skipta hönnun í svo marga flokka.

„Maður þarf ekki að skilgreina sig svona mikið,“ segir hún. „Þó að ég sé iðhönnuður fæst ég við fleiri tegundir hönnunar – ég þarf ekki að verða ellidauf í iðhönnunargeiranum. Allir hafa gott af því að breyta til og það er gaman að vinna með fólki í öðrum hönnunargeiranum, enda er mikið fengist við sömu hugmyndir og sömu áhrif.“


Hér heima er Karólína menntuð úr Myndlista- og handíðaskólanum og segist hafa farið þar í keramik vegna notagildis þess, fremur en ætlunin hafi verið að gerast listamað-



(Urban picnic)

Urban Picnic

Nestisbox fyrir nútímamanninn.



Daisy

Lampar sem auðvelt er að flytja.

MÓT

Íslensk hönnun/hönnun á Íslandi

Á laugardaginn verður opnuð stór hönnunarsýning á vegum FORM ÍSLAND í Listasafni Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum. Sýningin ber yfirskriftina Mót - íslensk hönnun/hönnun á Íslandi og að sögn þeirra sem nálegt henni koma er Mót sýning sem er ekki að þykjast vera yfirlitssýning. Hún er heldur ekki söguleg sýning, heldur eru hér nokkurs konar stiklur í tíma og sögu, enda er íslensk hönnunarsaga fremur skammt á veg komin.

Þarna er sýnd öll breiddin í því sem kalla má hönnun og ekki rædd eftir tímabilum, heldur blandað saman á nýstárlega hátt með það að markmiði að vekja áhuga á því sem hefur verið gert og enn fremur varpa ljósi á hvað mögulegt er að gera. Byggt er á þremur meginhugmyndum: Hönnuðinum sem einstaklingi, iðnaðarframleiðandanum og sögulegum arfi íslenskrar hönnunar.

Fylgihlutir og framleiðsluvörur

Sýningin er afar viðtæk og sýnir hönnun í öllum geirum þjóðlífsins, s.s. stóla, lýsingu, borðbúnað, skartgrip, textil, tiskufatnað, fylgihluti, framleiðsluvörur, byggingarlist, innan-húshönnun, tölvuleiki, margmiðun, teikningar, tímarit, umbúðir, fyrirtækjamyndir og iðnaðarvörur.

Félögin sem standa að FORM ÍSLAND eru: Félag húsgagna- og innanhússarkítækta, Félag íslenskra teiknara, Leirlistafélagið, Félag íslenskra gullsmíða, Textílfélagið, Félag íslenskra landslagsarkítækta, Félag iðhönnuðna og Arkitektafélag Íslands, auk öfælagsbundinna hönnuða. Þetta er í fyrsta sinn sem allir þessir ólíku hönnuðir leiða saman hesta sína og því er þetta tímamótasýning á Íslandi. Michael Young og Katrín Pétursdóttir völdu verkin með hljóðsýningu af ábendingum sérfræðinga á hverju sviði.

-þhs

ur, því alla tíð hafi hún frekar haft áhuga á hönnun en list.

„Ég hugsa mikið um það hvernig er hentugt að hafa hlutina með tilliti til flutninga og annars sem getur komið upp á í lífi nútímamanns. Þannig hugsa ég líka þegar ég fer í búðir og þarf að kaupa mér eitthvað og hvort hluturinn bjóði upp á fleiri en eina tegund notkunar.“

Vinnur með létt efni

En hvernig fékkstu hugmyndina að nestisboxinu?

„Mér hefur verið það hugleikið hvernig matarvenjur fólks hafa breyst á síðari árum. Fólk er meira á faraldsfæti – líka á daginn – og það býr eitt, er í námi, eða business og hefur hvorki félagskap þegar snætt er né nauðsynleg áhöld til þess að matast. Í nestisboxinu eru þrjár hlutir úr keramik sem má nota á ýmsa vegu: kúla, sem er í rauninni tvær skálar, stór bolli sem einnig er hægt að nota fyrir morgunkorn og djúpur diskur. Líka er gert ráð fyrir því að ferðalangurinn geti sett persónulegan blæ á boxið og bætt í það nokkrum hlutum að eigin vali.“

Boxið er úr áli og krossviði, með gúmmiteygju utan um, en Karólína segist vinna með létt efni af einfaldri ástæðu.

„Margt ungt fólk hefur ekki fasta búsetu lengur, það er sí og æ að flytja, og þá er hentugra að eiga létt og meðfærilega hluti.“ Þannig er líka lampinn Daisy sem Karólína sýnir á Kjarvalsstöðum. Hann er úr örpunnum krossviði og áli og það er hægt að skrúfa hann í sundur.

„Þegar ég flutti frá Finnlandi þótti mér mikið kostur hve auðvelt var að flytja hann og þá má segja að tilganginum með hönnuninni sé náð,“ segir Karólína og hlær.

-þhs



Stjörnur slokkna

Sýningin Stjörnur á morgunhimni eftir Alexander Galin hefur notið mikilla vinsælda bæði í Iðnó og á Akureyri en þarf nú að vikja vegna anna.

Sögusvið leikritsins er Moskva við setningu Ólympíuleikanna árið 1980. Fylgst er með ógæfufólki sem ekki er velkomið á hátíðahöldin og húkir í köldum kumbalda þegar Ólympíuleidurinn fer hjá. Meðal leikenda er Sigrún Edda Björnsdóttir sem var tilnefnd til Menningarverðlauna DV fyrir leik sinn. Leikstjóri er Magnús Geir Þórðarson. Allra síðustu sýningar verksins verða annað kvöld og sunnudagskvöldið í Iðnó.

Hugvísindaping

Hugvísindaping hefst í Háskóla Íslands á morgun kl. 13 með málstefnu Sagnfræðingafélags Íslands: Póstmóðernismi – hvað nú? Frummælendur eru Geir Svansson, Sigrún Sigurðardóttir, Ingólfur Á. Jóhannesson og Kristján Kristjánsson. Kl. 16 heldur Sölvi Sogner Minningarfyrirlestur Jóns Sigurðssonar um Hjólabönd í Noregi eftir síðskipti og kl. 20 flytur Sigrún Svavarsdóttir heimspekingur fyrirlestur í boði Hugvísindastofnunar: Að breyta skynsamlega, réttlætana og vel. Öll atriðin eru í hátíðasal í aðalbyggingu.

Á laugardaginn hefst þingið kl. 9.30 árdegis og stendur fram undir kvöldmat. Fimm málstofur verða starfræktar, hver með 4-6 frummælendum, auk þess sem sex sjálfstæðir fyrirlestur verða haldnir í Odda frá kl. 10. Málstofurnar bera yfirskriftina „Einstaklingurinn fyrr og síðar“ (í hátíðasal kl. 9.30-13), „Menning og samfélag kaldastríðsáranna (í stofu 201 Odda kl. 9.30-13), Á milli mála (í hátíðasal kl. 14-17.30), „Að kunna gott að meta: Hlutlæg verðmæti“ (í stofu 201 Árnagarði kl. 14-17.30) og „Förnin“ (í stofu 201 Odda kl. 14-17.30). Nánari upplýsingar eru á <http://www.hi.is/stofn/hugvis>.

Börn á öllum aldri óskast

Á laugardaginn býður cafe9.net í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi til tölvunámskeiðs / tölvuverkstæðis fyrir börn á aldrinum 6 til 107 ára þar sem þeim verður kennt að vinna með sérhannaðan hugbúnað Haraldar Karlssonar sem gengur undir heitinu IVCP. Námskeiðið stendur yfir frá kl. 12-16 og er ætlað 20 börnum. Daginn eftir kl. 14-16 sýna Haraldur og börnin afrakstur vinnu sinnar í Hafnarhúsinu.

Skráning er í síma 552-6131. Börn yngri en 10 ára komi í fylgd með fullorðnum.

Heimsbókmenntakvöld

Heimsbókmenntakvöld hið síðara verður á Súfístanum í kvöld kl. 20. Þá les Bjarni Jónsson úr þýðingu sinni á Blicktrommanni eftir Günter Grass og Aðalsteinn Davíðsson les úr bókinni Sjö bræður eftir Aleksis Kivi. Einnig les Þórarinn Eldjárn úr Ofurnæfur eftir Erlend Loe og Friðrik Rafnsson les úr bókinni Fáfræðin eftir Milan Kundera.

Frændi Rameaus

Annað kvöld kl. 20 flytur Friðrik Rafnsson fyrirlestur um eitt þekktasta verk 18. aldar í Frakklandi, Frænda Rameaus, í Alliance Française, Austurstræti 3. Bókin er eftir Denis Diderot (1713-1784) og kom út í flokki Lærdómsrita hjá Hinu íslenska bókmenntafélagi s.l. vor í þýðingu Friðriks. Fyrirlesturinn ber yfirskriftina „Hugsanir eru mínar gleðikonur“ og þar verður leitast við að skýra hvers vegna þessi höfundur og hugsuður virðist njóta sífellt meiri hylli. Auk þess verður reynt að tengja Diderot og Frænda Rameaus við íslenska sagnahefð og hinn sígilda áhuga Íslendinga á sögum af einkennilegum mönnum.

Brautryðjandi í byrjun aldar

Einkennilegt er til þess að hugsa að aðeins skuli vera hundrað ár – ein öld – síðan fyrsti íslenski myndlistarmaðurinn hélt opinbera sýningu á verkum sínum hér á landi. Fyrirbærði „einkasýning“ var reyndar ekki gamalt annars staðar í heiminum, menn tóku ekki upp á því að sýna verk sín opinberlega fyrr en á 19. öld, en markverð myndlist var samt mun sýnilegri í grannlöndunum en hér heima.

Frumherjinn sem steig hið afdrifurika skref með verkin sín út úr vinnustofunni var Þórarinn B. Þorláksson og í það minnsta finnst okkur nú að hann hafi verið kjörinn til þess að leiða landa sína inn í nýjan myndlistarveruleika, svo undurfagar og blíðar sem kunnustu myndir hans eru.

Á næstu vikum gefst okkur tækifæri til að meta hann á ný á viðamikilli yfirlitssýningu sem verður opnuð í Listasafni Íslands á laugardaginn. Listasafnið á gott úrval verka eftir Þórarin, 34 verk, en meðal þeirra er fyrsta íslenska málverkið sem safnið eignaðist, „Áning“, sem listamaðurinn gaf því árið 1911. Auk þeirra hefur verið safnað fjölda verka hans og mun alls gefa að líta 160 myndir listamannsins á þessari sýningu.



Þórarinn B. Þorláksson: Áning.

Andrúmsloft upphafinnar kyrrðar og andblær djúphygli einkenna verk hans.

Rómantískur natúralismi

Þórarinn Benedikt Þorláksson fæddist 1867 að Undirfelli í Vatnsdal, þar sem faðir hans var prestur. Þórarinn stundaði listnám í Kaupmannahöfn um aldamótin 1900 og kynntist þar hinum rómantíska natúralisma sem hann hélt tryggð við í listsköpun sinni alla tíð. Hann varð fyrstur íslenskra listmalara til að gera náttúru landsins að myndefni sínu og lagði þar með

hornsteininn að þeirri sterku landslagshefð sem finna má í íslenskrum listasögu á 20. öldinni. Túlkun hans á náttúrunni má lýsa sem rómantískri, enda er bakhjarl listar hans einkum í norrænni síð-rómantískri list og íslenskrum rómantískri ljóðagerð 19. aldar. Andrúmsloft upphafinnar kyrrðar og andblær djúphygli eru sterk höfundareinkenni verka hans og skilja hann frá öðrum íslenskum listamönnum í byrjun aldarinnar. Með áhrifamikilli túlkun sinni á íslenskrum náttúru hefur hann skerpt sýn okkar og slegið sérstakan streng í menningarlegri sjálfsmýnd okkar. Hann lést árið 1924 í sumarbústað sínum, Birkihlíð í Laugardal.

Listasafn Íslands vill með sýningunni á verkum Þórarins minnst þessara merku tímamóta og leggja um leið áherslu á mikilvægt hlutverk hans sem brautryðjanda í íslenskrum listasögu. Í tengslum við sýninguna kemur út vönduð bók þar sem Júlíana Gottskálksdóttir listfræðingur gerir ferli listamannsins skil. Sýningin verður opin frá kl. 11 til 17 alla daga nema mánudaga og stendur til 26. nóvember.

Sýningin er á dagskrá Reykjavíkur menningarborgar.